



Fundur bygginganefndar Fljótsdalshrepps, haldinn þann 26. júní 2008 á Arnheiðarstöðum.

Mættir á fundinn eru eftirtaldir:

|                         |                          |
|-------------------------|--------------------------|
| Þórarinn Rögnvaldsson   | formaður bygginganefndar |
| Eiríkur J. Kerúlf       | nefndarmaður             |
| Jón E. Kerúlf           | nefndarmaður             |
| Úlfar Trausti Þórðarson | byggingafulltrúi         |

**Varðar:**

**Umsókn Vigfúsar Friðriksonar, kt. 041177-4389, um nýtt leyfi fyrir gististað í flokki II, Hvammseyri Fljótsdalshreppi.**

Bygginganefnd barst umsókn um rekstrarleyfi til sölu gistingar. Starfsstöð er skráð á Hvammseyri Fljótsdalshreppi, 701 Egilsstaðir með starfsheitið Gistihús Fljótsdalshrepps. Nokkur einingahús voru reist sem vinnubúðir á Hvammseyri, en eiga nú að hýsa gesti í gistingu. Tvö hús eru fyrirhuguð í gistiútleigu. Annað húsið saman standa af 11 einingum sem mynda 10 svefnherbergi og 1 forstofu. Komið er inn í forstofu í miðju húsi og þaðan gengið inn í ganga sitt hvorum megin við forstofuna og liggur hvor gangur fyrir sig inn í 5 svefnherbergi. Í hverju herbergi fyrir sig er eldunaraðstaða og baðherbergi. Húsinu er skipt upp í tvær brunasamstæður með AEI-120 vegg á milli þeirra. Hitt húsið saman stendur af 4 einingum og skrifað sem skrifstofuhúsnæði en nýta má til gistingar. Ein einingin saman stendur af forstofu, snyrtingu og kaffistofu. Hinar þrjár einingarnar hafa verið notaðar sem skrifstofur en nýta má til gistingar.

Tvö björgunarop eru úr hverri einingu fyrir sig og a.m.k. eitt björgunarop er út úr hverju herbergi fyrir sig. Hver eining er 3,74 x 8 m samtals u.þ.b. 30 m<sup>2</sup> brúttó.

Bygginganefnd samþykkir leyfið fyrir sitt leyti án athugasemda og verður send áfram til sveitastjórnar til samþykktar.

Fundargerðin verður send til eftirtalra aðila:

Funarmenn, slökkviliðsstjóra, heilbrigðiseftirliti og oddvita Fljótsdalshrepps.